

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna er öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

1. hluti hljóðar svo:

#### 1. HLUTI

#### Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.

##### *I. Sölutaxtar.*

Verð er án virðisaukaskatts.

##### *I.a Afnot af heitu vatni.*

Almennir taxtar		Einingar	Grunngjald
H.1	Heitt vatn um rennslismæli		
	Heimili og íbúðir	kr./m <sup>3</sup>	186,00
	Fastagjald	kr./ár	22.204
H.2	Heitt vatn um rennslismæli		
	Stórnótendur > 1“	kr./m <sup>3</sup>	186,00
	Fastagjald	kr./ár	31.603
<b>Sértaxtar</b>			
H.5	Heitt vatn um hemil		
	Heitt vatn um hemil	kr./mín/ár	51.629
	Fastagjald	kr./ár	31.603
H.6	Heitt vatn um rennslismæli		
	Almenningssundlaugar		
	Sumar 1. maí - 30. september	kr./m <sup>3</sup>	93,80
	Vetur 1. október - 30. apríl	kr./m <sup>3</sup>	113,00
	Fastagjald	kr./ár	55.653

##### *II. Heimæðagjöld hitaveitu.*

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verðið gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

##### *II.a. Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.*

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 30 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

	Grunngjald kr.
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	420.591
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	617.984
Heimæð, DN 32 stál eða PEX-40	705.404
Heimæð, DN 40 stál eða PEX-50	844.552

Heimæð, DN 50 stál	1.399.362
Heimæð, DN 65 stál	2.308.160

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 65 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á gunngjald: 20%.

*II.b. Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri.*

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 1,4% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

	<b>Grunngjald kr.</b>
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	975.951
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	1.953.425

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar í þéttbýli. Kostnaðarverð stærri heimæða en 25 mm stál/32 mm PEX er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á gunngjald: 20%.

*II.c. Bráðabirgðatengingar.*

	<b>Grunngjald kr.</b>
Bráðabirgðatenging DN 20 eða PEX-25	129.738

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað. Innheimt er hefðbundið gjald fyrir notkun samkvæmt mæli á bráðabirgðatengingum.

*III. Innheimta, lokanir og sérstakar aðstæður.*

	<b>Kr.</b>
Innheimtugjald	1.942
Lokunargjald	8.468
Aðstaða ekki fullnægjandi	20.828

Séu starfsmenn veitunnar kallaðir til að leggja heimtaug og aðstaða uppfyllir ekki tæknilega tengiskilmála 2021 og starfsmenn þurfa frá að hverfa, hlýst af því kostnaður sem tilgreindur er í töflu hér að ofan.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 6. janúar 2025.*

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

**Magnús Guðmundsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*